

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 1 – 2022

Staður: Teams

Tími: Föstudagur 21. jan 2022 kl. 13:00-15:00

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Halldór Þorgeirsson, Torfi Jóhannesson, Guðveig Lind Eyglóardóttir, Ragnhildur Helga Jónsdóttir, Margrét Björnsdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson.

1. **Loftslagsstefna og aðgerðaáætlun:** var send til samþykktar með tölvupósti 20. desember sl., og var einróma samþykkt í háskólaráði.
2. **Reglur um framgang akademíks starfsfólks við Landbúnaðarháskóla Íslands, Reglur um nýráðningar og hæfismat akademískra starfsmanna við Landbúnaðarháskóla Íslands og Reglur um ótímabundna ráðningu akademíks starfsfólks við Landbúnaðarháskóla Íslands:**
– Þessar reglur voru allar lagðar fram á Háskólafundi 16. des. sl. og fengu jákvæða umsögn. Bókun háskólafundarins var eftirfarandi: *Fundarmenn fögnuðu almennt nýjum reglum. Nokkrar athugasemdir bárust, einkum er varðar að aðlaga reglur enn frekar að reglum HÍ. Sem dæmi var rætt um að bæta stigmatöflu í regluverkið og að lektor sem óskar eftir framgangi hafi möguleika á því að hafa unnið reynslutímamann utan þeirrar deildar þar sem sótt er um framgang. Tekið verður tillit til athugasemda fundarmanna og reglur teknar áfram með háskólaráði til umfjöllunar í upphafi nýs árs.*

Fyrir háskólaráðsfund var búið að setja breytingartillögur frá háskólafundinum inn í skjölin með track changes. Ragnheiður fór yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á skjölunum, þær voru ræddar og lítils háttar lagfæringar gerðar. Að því gerðu samþykkti háskólaráð reglurnar.

3. **Umsókn um rannsóknamissari til afgreiðslu**
Ein umsókn um rannsóknamissari barst fyrir næsta skólaár og hefur verið afgreidd úr nefnd. Háskólaráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti.
4. **Nýsköpunar- og þróunarsetur:**
Fundur var haldinn með sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og stuðningur liggur fyrir frá nýsköpunarneti Vesturlands (1 milljón) og SSV (umsókn liggur fyrir). Skólarnir leggja hvor um sig til 10 m.kr. á þriggja ára tímabili (4 m.kr. 2022, 3 m.kr. 2023 og 3 m.kr. 2024). Einnig voru tillögurnar kynntar fyrir stjórn Tækniseturs. Fundur verður með Orkustofnun, Landsvirkjun og Íslandsstofu næsta mánudag. Ragnheiður nefndi að fyrsta verkefnið yrði líklega aðgerðaáætlun í matvælaframleiðslunni. Umræða varð um að mikilvægt væri að slíkt verkefni sé unnið heildstætt og út frá fæðukerfinu og virðiskeðjunni í heild en að forðast þurfi að líta á þessi mál of staðbundið og út frá of þröngu sjónarmiði. Ræddir voru kostir og gallar sérstakra setra í stað samvinnu stofnana og fyrirtækja á verkefnagrunni. Háskólaráð samþykkir aðkomu Lbhí að setrinu fyrir sitt leyti.
5. **Reykir – staða mála:**
FSu fékk í september tilmæli frá ráðuneytinu um að aðlaga garðyrkjunámið að starfsemi FSu. Fólk frá FSu hefur verið í sambandi við Lbhí nú á síðustu vikum um framkvæmdina. Ekki hefur enn náðst að halda fund með ráðherra skólamála en á það hefur verið ýtt af hálfu Lbhí. Torfi sagðist sakna þess að hafa ekki beina tengingu frá Reykjum við háskólaráð, og óskaði eftir því að við framhaldsumræðu um

málefni Reykja verði fulltrúi þaðan með. Ragnheiður ætlar að sjá til þess og athuga einnig með að fá fulltrúa frá FSu á slíkan fund. Halldór nefndi að mikilvægt væri að Lbhí kynnti sem fyrst sína framtíðarsýn varðandi nýtingu aðstöðu á Reykjum, fyrir ráðherra vísinda og öðrum hlutaðeigandi. Umræða varð um þetta og fólk sammála um að þessa þörf þurfi að meta frá grunni. Að slíkri þarfagreiningu þurfa að koma bæði vísindamenn og atvinnuvegurinn. Einnig var rætt um möguleika sem fælust í því að bjóða upp á garðyrkjunám á háskólastigi. Mikilvægt er að háskólaráð fái sýn deildanna innan Lbhí og hagaðila á þessi mál og að taki þau svo til faglegrar umfjöllunar. Ragnheiður rifjaði upp fyrri greinargerð Lbhí um aðstöðuþörf á Reykjum.

6. Stöðumat á innleiðingu stefnu 2019-2024:

Þessum lið var frestað til næsta fundar.

7. Mál lögð fram til kynningar og fundarplan vorsins

Unnið er að 2 stórum Evrópuverkefnum, annað kynnti Christian á desemberfundi. Hitt er um skordýraræktun, Lbhí mun leiða þá umsókn. Stefna deildar Náttúru og Skógar liggur fyrir og hinar deildirnar eru að vinna að sínum stefnum, þurfa að liggja fyrir fyrir vorið vegna sjálfsmatsskýrslu. Átak er í því að nota hráefni frá Hvanneyrar- og Hestbúum í mötuneyti skólans, þetta er gert í samstarfi við sláturhúsið í Borgarnesi. Lífrænir bændur hafa lýst yfir áhuga á samstarfi við Lbhí.

Fundur háskólaráðs til vorsins verða klukkan 13 mánudagana 21/2, 28/3, 25/4 og 30/5. Stefnt er að heimsókn á jarðræktarmiðstöð (deild Ræktunar og Fæðu) í mars og hinar deildirnar verða með kynningu í febrúar og apríl eftir nánara samkomulagi.

Fundi slitið kl. 15.10